

Tissue-Tek® Coverslipping Film

REF 4770

Tissue-Tek® Coverslipping Film er filma sem hönnuð er til notkunar með Sakura Finetek Tissue-Tek Film® og Tissue-Tek® SCA™ Coverslippers. Lestu þessa notendahandbók vandlega fyrir notkun til að tryggja rétta og örugga notkun vörunnar.

【Ætlaður tilgangur】

Varan er notuð til að hylja sýnisgler sem inniheldur áfastan hluta með sýnum sem eru fest með formalíni og steipt í paraffín (FFPE) eða frumumeinafræðisýnum til að vernda sýnin gegn höggum eða umhverfisáhrifum, og til að skoða sýnisglerið undir ljóssmásjá við smásjárskoðun. Þessi vara er notuð með virki eins og xýleni sem leysir upp límefni filmunnar til að festa hana við sýnisglerið.

【Ætlaður notandi】

Einstaklingur sem starfar á sviði meinafræði, líffærafræði eða klínískrar frumfræði með grunnþekkingu á viðkomandi sviði (t.d. meinafræðingur, tæknimaður á rannsóknarstofu) og ber ábyrgð á undirbúningi sýnisglerja fyrir smásjár.

【Búnaður sem nauðsynlegt er að nota en fylgir ekki】

Sýnisgler fyrir smásjá, xýlen

【Varúðarreglur við notkun】

Leyfið filmunni að aðlagast umhverfinu sem hún er notuð í. Opnið umbúðir filmunnar og geymið þær rykfriú umhverfi við hitastig á bilinu 10 °C til 30 °C (50° til 86 °F) og rakastig á bilinu 30% til 70% í að minnsta kosti 24 klukkustundir fyrir notkun. Til að setja upp filmu skaltu skoða notkunarhandbók tækisins sem á að nota ásamt þessari vöru.

【Öryggisráðstafanir】

Ef þessi vara er notuð eins og til er ætlast er ekki búist við neinum sérstökum hættum í tengslum við heilsu eða öryggi.

【Geymsla】

Filma:

Geymið filmurúllur við hitastig á bilinu 10 °C til 30 °C (50° til 86 °F) og rakastig á bilinu 30% til 70%. Verjið gegn miklum hita eða kulda og forðist langvarandi útsetningu fyrir ljósi eða mjög miklum raka. Rannsóknir hafa sýnt að ef filman er geymd við hærri hita en 40 °C (104 °F) samfelld lengur en í fjórar vikur getur það leitt til þess að loftbólur eða sprungur myndist á henni og/eða til þess að filman festist illa við sýnisglerið.

Sýnisgler:

Geyma skal sýnisgler sem búið er að hylja með filmunni í hita- og rakastýrðu umhverfi. Viðhalda ætti hitastigi á bilinu 22 °C +/- 3 °C og rakastigi undir 50%. Geyma skal safnvistuð sýnisgler í lóðréttri uppréttri stöðu þannig að filmuyfirborðið á einu sýnisgleri snerti gleryfirborðið á næsta sýnisgleri. Rannsóknir á styttri endingartíma hafa sýnt að stöðugleiki filmunnar er sambærilegur eða betri en í fyrri samsetningu vörunnar.

【Tæknilysing】

Lengd: 70 metrar Breidd: 24 mm

【Fyrningardagsetning】

Fyrningardagsetning er prentuð efst á fyrstu rúllupakkinguna.

【Förgun】

Fargið úrgangi hjá förgunarfyrirtæki eða fargið í samræmi við staðbundnar reglugerðir.

【Athugið】

Ef alvarleg atvik koma upp í tengslum við notkun vörunnar ber að tilkynna þau til framleiðanda og viðeigandi lögbærra yfirvalda.

	Sakura Finetek Japan Co., Ltd., 31-1, Nihonbashi-Hamacho 2-chome, Chuo-ku, Tokyo 103-0007 Japan
	Sakura Finetek Europe B.V. Flemingweg 10a 2408 AV Alphen aan den Rijn The Netherlands
	MedNet SWISS GmbH Bäderstrasse 18, 5400 Baden, Switzerland
	Sakura Finetek Europe B.V. Flemingweg 10a 2408 AV Alphen aan den Rijn The Netherlands Sysmex Suisse AG Todistrasse 50, 8810 Horgen, Switzerland
Framleitt í Japan	



Farðu á vefsíðu okkar

Sakura Finetek Japan Co., Ltd. www.sakura-finetek.com
Sakura Finetek Europe B.V. www.sakura.eu



2023.01
D-22H002-1014-02